

One Super Tech

Nanóakrýl útimálning



Efnislýsing

ONE Super Tech er sjálfhreinsandi, vatnsþýnnanleg akrýlmálning til notkunar á tréverk, litaðar klæðningar, grunnmálað bárujárn og steinsteypta fleti utanhúss. Vegna einstakra eiginleika málningarinnar, sem byggir á nanó-tækni, helst hinn málaði flötur hreinn þar sem regnvatn tekur með sér óhreinindi af honum. Að auki inniheldur One Super Tech efni til varnar myglu.

ONE Super Tech er afar vel þekjandi málning sem gefur jafnt yfirborð og heldur lit sínum vel og lengi. Hún er mjög fljótþornandi með 2 klst. yfirmálunartíma. Ef ONE Super Tech málningin er notuð á við, samhliða Tinova Wood Base Oil og Tinova Primer Exterior, þá endist málningin upp undir 16 ár við eðlilegar aðstæður.

Meðhöndlun

Flöturinn sem mála á skal vera hreinn og þurr (hámark 16% raki).

Nýmálun viðar

1. A-gagnvarinn viður þarf að veðrast í nokkra mánuði, síðan skal þrifa hann með Tinova Wood Cleaner og slípa loks með sandpappír, t.d. nr. 100.
2. Fúaverjið með Tinova Wood Base Oil og berið sérlega vel á endatré og aðra gljúpa fleti. Notið olíuna á allt tréverkið sem mála skal.
3. Grunnið allan flötinn með Tinova Primer Exterior.
4. Málið 2 umferðir af ONE Super Tech. Setjið aukaumferð á lárétta fleti.

Endurmálun viðar

1. Þvoið flötinn með Original Málartvätt skv. leiðbeiningum með hreinsiefninu. Ef mygla eða annar gróður hefur myndast á fletinum skal þvo hann með þörung- og mygluhreinsi. Skolið vandlega eftir á með miklu vatni. Látið flötinn þorna vel fyrir málun.
2. Alla gamla og lausa málningu skal fjarlægja. Gljáandi fleti skal slípa matta með sandpappír til að tryggja góða viðloðun. Fúa eða gráma í tré skal fjarlægja uns komið er í eðlilegan viðarlit.
3. Hreinan beran við (þar sem málning hefur flagnað af) skal fúaverja fyrst með Tinova Wood Base Oil. Grunnið síðan með Tinova Primer Exterior.
4. Málið 2 umferðir af ONE Super Tech. Setjið aukaumferð á lárétta fleti.

Þar sem einungis þarf að yfirmála er nóg að þrifa vel og þússa með sandpappír þar sem við á og mála 1-2 umferðir af ONE Super Tech. Þó getur þurft að grunna fyrst með Tinova Primer Exterior, en það fer eftir ástandi flatarins.

Nýmálun steins

1. Tryggið að yfirborðið sé alveg þurrt og laust við sementshúð, ryk, fitu, myglu og önnur óhreinindi.
2. Þegar mála á nýjan múr næst besti árangur með því að bera Mur-Silan (mónósílan) vatnsfælu fyrst á áveðurshliðar hússins.
3. Grunnið með Professional Microdispers (á gljúpa og duftsmitandi fleti) EBA Alpha Aquafix Opaque (á slétta fleti).
4. Málið 2 umferðir af ONE Super Tech.

Endurmálun yfir akrýlmálningu á steini

1. Málaða fleti skal þvo með Nordsjö Málartvätt eða hreinsa með háþrýstidælu. Fjarlægjið lausa málningu.
2. Blettið málningarlausa fleti með Alpha Aquafix Opaque.
3. Málið 1-2 umferðir af ONE Super Tech.

Þakjárn og litaðar klæðningar

1. Þrifið flötinn fyrir málun með Original Málartvätt og vatni/háþrýstipvotti, skv. leiðbeiningum með hreinsiefninu.
2. Bert, ómálað og óryðgað þakjárn skal grunna 1 umferð af Intertuf 203. Ryðbletti skal hreinsa og grunna a.m.k. 2 umferðir af Intertuf 203.
3. Málið 2 umferðir af ONE Super Tech.
4. Við endurmálun á lituðum klæðningum og áður máluðu þakjárnir skal þrifa fyrst með Original Málartvätt skv. leiðbeiningum með hreinsiefninu.

Annað

Hrærið vel í málningarfötunni. Ekki mála ef sólskin skín beint á flötinn eða ef hætta er á rigningu eða daggarmyndun næstu klukkustundirnar eftir málun.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Akryl

Gljástig: 30%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 1 klst

Yfirmálun: 2 klst

Lofthiti/yfirborðshiti við málun: Minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja nýmálun: 4-6 m²/l

Þekja endurmálun: 6-8 m²/l

Umbúðir: 1, 2,5 og 10 lítra dósir

Stofnar: BW og BC og svartur

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/d) 130 g/l):

Inniheldur mest 2 g/l VOC

Þessi lýsing á við um hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

Umhverfi

One Super Tech uppfyllir staðla Blómsins og Svansins, sem eru umhverfismerki Evrópusambandsins og Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.nordic-ecolabel.org.

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tónum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



SÉREFNI

Dalvegi 32b, Kópavogi | sími 517 0404 | serefni.is